



Borgarráð

Fjárborg við Suðurlandsveg - afnotasamningur við Veitur ohf.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi afnotasamning um 15 fermetra borgarland, undir dæluhús, nánar tiltekið neðan við Fjárborg við Suðurlandsveg, óstaðfest land (landnr. 112466), við Veitur ohf. kt. 501213-1870, Bæjarháls 1, 110 Reykjavík.

Greinargerð: Með erindi, dags. 9. apríl 2019, til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar óskuðu Veitur ohf. eftir ótímabundnum afnotum af borgarlandi undir dæluhús. Veitur hafa í rekstri fráveitubrunna með tveimur skolpdælum á ofangreindum stað með rafbúnaði staðsettum í stálkassa við hlið dælubrunns. Slíkt fyrirkomulag er erfitt í rekstri þar sem lítið skjól er til að vinna í búnaðinum, þar af leiðandi er óskað eftir því að staðsetja dæluhús á svæðinu. Greitt er fyrir afnotin 1.500 kr. á ári og er samningurinn ótímabundinn með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Afnotasamningur um borgarland dags. 24. apríl 2019 ásamt afstöðumynd dags. 24. apríl 2019.

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, (leigusali) Ráðhúsinu í Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og Veitur ohf (leigutaki) kt. 501213-1870, Bæjarháls 1, 110 Reykjavík gera með sér svofelldan afnotasamning:

- Hið leigða*
Leigutaki tekur á leigu 15 m² borgarland undir dæluhús, nánar tiltekið neðan við Fjárborg við Suðurlandsveg, óstaðfest land (landeignanr. 112466). Lögum þess og lega er sýnd á viðfestri teikningu sem telst hluti þessa leigusamnings. Leigutaka er heimilt að þinglýsa þessum samningi á landeignanúmer 112466.
- Gildistími*
Afnotasamningur þessi gildir í ótímabundinn ár frá 1. maí 2019 að telja. Vilji samningsaðilar segja upp samningnum á samningstíma er gagnkvæmur uppsagnafrestur 6 mánuðir. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila. Leiga greiðist fyrir afnotin og er hún 1.500 kr. á ári. Gjaldddagi er einu sinni á ári. Fyrsti gjaldddagi er 1. júní 2019.
- Afhending og skil á afnotasvæði*
Afnotasvæðið afhendist við undirritin samnings þessa. Við uppsögn eða lok samningsins skal leigutaki skila afnotasvæðinu til leigusala.
- Framkvæmdir*
Allar framkvæmdir sem leigutaki ræðst í á afnotasvæðinu greiðast af leigutaka.
- Samráð um framkvæmdir*
Allar framkvæmdir á afnotasvæðinu skulu unnar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgarskrifstofu reksturs og umhirðu.
- Nýting á hinu leigða*
Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir um í 1.gr. Öll framleiga er óheimil.
- Riftun*
Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrri leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.
- Varnarþing*
Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 24. apríl 2019.

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

f.h. Veitur ohf


Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og hæfi:

kt.

kt.

Séruppráttur vegna leigu á afnotareit 4.74

Mælikvarði 1:500 (A3)



X = 13050
Y = 12800

X = 12950
Y = 12750

Skýringar

- Mörk afnotareits sem er til leigu
- Mörk lands með landeignarnr. L112466
- Staðgreinúmer
- Landeignarnúmer
- Stærð lands

Hnitaskrá

Hnitakerfi Reykjavíkur 1951

Nr.	X-hnit	Y-hnit
101	12997.9116	12782.4412
102	13000.3636	12780.0858
103	12997.2462	12776.8405
104	12994.7942	12779.1959

Þessi séruppráttur er gerður vegna leigu á afnotareit sem afmarkast af hnitpunktum 101-102-103-104-101. Þessi afnotareitur er hluti lands í eigu borgarinnar sem hefur landeignarnúmerið L112466. Afnotareiturinn sem er til leigu er ekki lóð og ekki er til dölliskipulag sem skilgreinir reitinn.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Landupplýsingadeild; 24.04.2019